

## GJALDSKRÁ

**fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.**

1. gr.

*Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir rannsóknir og ráðgjöf sem falla undir 4. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hverja klukkustund skal vera eftirfarandi án vsk:

- |                          |            |
|--------------------------|------------|
| a) Fyrir sérfræðinga I   | kr. 12.800 |
| b) Fyrir sérfræðinga II  | kr. 11.440 |
| c) Fyrir sérfræðinga III | kr. 10.100 |

2. gr.

*Skordýragreining.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir greiningu á skordýrum samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992.

Gjaldið skal vera kr. 2.500.

3. gr.

*Útgáfa rita.*

Náttúrufræðistofnun Íslands innheimtir gjald fyrir útgáfu rita samkvæmt 5. gr. laga nr. 60/1992. Gjald fyrir hvert rit skal vera eftirfarandi án vsk:

- |  |           |
|--|-----------|
| a) Fyrir Fjölrit Náttúrufræðistofnunar | kr. 1.700 |
| b) Fyrir Blika                         | kr. 2.000 |

4. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 261/2012 fyrir þjónustu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. febrúar 2013.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*